



KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAPJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 602 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Mars 2019 | 2. tölublað | 15. árgangur



- » Aðalfundur og starfsemi
- » Tvöfalt afmæli lífeyrissjóðakerfisins
- » Framtíðartæknin og stéttarfélögin

- » Dýrmæt réttindi með stéttarfélagsaðild
- » Starfið mitt
- » Nýr trúnaðarmannahópur

Nýir trúnaðarmenn teknir til starfa



Nýir hópur trúnaðarmanna Kjalar stéttarfélags hefur tekið til starfa í kjölfar trúnaðarmannakosningar síðastliðið haust. Alls voru kosnir 38 trúnaðarmenn og er kjörtímabil þeirra tvö ár. Félagsmönnum er því bent á að leita til þeirra með málefni sem kunna að varða félagið eða önnur þau mál sem trúnaðarmenn geta aðstoðað með.

Siglufjarðardeild

Sigurbjörg Björnsdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Fjallabyggð

STAK deild

Áslaug Kristjánsdóttir Verkmenntaskólinn á Akureyri
Björk Guðmundsdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri, Kristnes
Erla Hrönn Unnsteinsdóttir Sundlaug Akureyrar
Eva Jónína Ásmundsdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri, vesturhluti

Guðrún Jóhannesdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri, lækna-ritarar

Helga Ingibjörg Jóhannsdóttir Sjúkraliðar og fleiri starfsmenn á Dvalarheimilinu Hlíð og Lögmannshlíð

Hermína B. Sigurðardóttir Grunnskólar Akureyrar
Hólmfríður S. Friðjónsdóttir Hlíðarfjall
Kristín Sigurðardóttir Bæjarskrifstofan
Ívar Aðalsteinsson Tónlistarskólinn á Akureyri
Lára Ólafsdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Akureyri

Ólafur Hafberg Svansson Framkvæmdamiðstöð
Ólöf Matthíasdóttir Sjúkrahúsið á Akureyri, barnadeild, slysadeild og fl.

Páll Eyþór Jóhannsson Norðurorka
Sigríður María Bragadóttir Strætisvagnar Akureyrar
Vilhjálmur Sveinn Bergsson Íþróttamannvirki
Þuríður Jóna Steinsdóttir Amtsbókasafnið

Borgarfjarðardeild

Brynja Þorsteinsdóttir Leikskólinn Ugluklettur, Borgarnesi

Eiður Sigurðsson Halldóra Harðardóttir
Ingi Rúnar Árnason

Kolbrún Alma Rafnsdóttir Kristín Kristjánsdóttir

Íþróttamiðstöðin Borgarnesi Leikskólinn Andabær, Hvanneyri
Leikskólinn Klettaborg, Borgarnesi
Grunnskólinn í Borgarnesi
Grunnskóli Borgarfjarðar

Dalvíkurbyggð

Arnheiður Hallgrímsdóttir Bæjarskrifstofa Dalvíkurbyggðar
Gústaf Adolf Þórarinnsson Dvalarheimilið Dalbær
Halldóra Jóhannsdóttir Leikskólinn Krílakot
Helena Rut Kristmundsdóttir Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar

FOSHún deild

Áslaug Ottósdóttir Leikskólinn Barnaból, Skagaströnd
Guðrún Soffía Pétursdóttir Félagsstarf aldraðra, Skagaströnd
Helga Jónína Andrésdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Blönduósi

Skagafjarðardeild

Anna Katarzyna Szafraniec Leikskólinn Ársalir, Sauðárkróki
Bogdís Una Hermannsdóttir Leikskólinn Birkilundur, Varmahlíð
Einar Andri Gíslason Ráðhús, Sauðárkróki
Friðrik Þór Jónsson Sundlaug og grunnskóli Varmahlíð
Halla Steinunn Tómasdóttir Sundlaug Sauðárkróks
Ólöf Ösp Sverrisdóttir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sauðárkróki
Sonja Sif Sigurðardóttir Árskóli, Sauðárkróki



Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | Pósthólf 75 | 602 Akureyri
Sími 525 8383 | Fax 525 8393
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is

Starfsmenn skrifstofu Kjalar:
Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður - jakobina@kjolur.is
Margrét Árnadóttir, fulltrúi - margret@kjolur.is

Ritnefnd:
Hermína B. Sigurðardóttir
Kristín Sigurðardóttir
Páll Jóhannsson

Forsíða:
Í Lystigarðinum á Akureyri
Ljósmynd: Jóhann Ólafur Halldórsson

Ábyrgðarmaður:
Arna Jakobína Björnsdóttir
Umsjó, textavinnsla og uppsetning:
Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvottuð prentsmiðja



Kjaraviðræður að hefjast

425 þúsund króna lágmarkslaun og stytting vinnuviku í kröfugerðinni

Kjaraviðræður Kjarar stéttarfélags og annarra bæjarstarfsmannafélaga sem hafa samflot í viðræðum við viðsejendur eru nú hafnar en gert er ráð fyrir að kraftur færist í þær um og upp úr næstu mánaðamótum þegar núgildandi kjarasamningur rennur út. Í kröfugerð bæjarstarfsmannafélaga er að finna kröfur um 425 þúsund króna lágmarkslaun á samningstímanum, styttingu vinnuvikunnar og fleira.

Félagsmenn Kjarar vilja styttingu vinnuviku

Á vinnufundi trúnaðarmanna og stjórnar Kjarar, sem haldinn var í nóvember síðastliðnum, var fjallað um áherslur í kröfugerðinni og kom skýrt fram í þeirri vinnu að félagsmenn vilja gera kröfur um krónutöluhækkanir launa og styttingu vinnuvikunnar.

Fjallað var í vinnuhópum á fundinum um fjölmörg efnisatriði sem snerta kjarasamningagerðina en stytting vinnuvikunnar, krónutöluhækkanir launa og breytingar á launatöflu voru á listum allra vinnuhópanna að fundi loknum. Önnur helstu áhersluefni vinnuhópanna voru hækkun persónuafsláttar, afnám verðtryggingar, lækkun vaxta og lenging fæðingarorlofs. Húsnæðismál voru einnig nefnd, aukinn orlofsréttur, aukinn veikindaréttur vegna barna og ýmis sérmál.

Kröfugerðin tilbúin

Á landsfundi bæjarstarfsmannafélaga sem einnig var haldinn í nóvember var safnað saman áherslum frá aðildarfélagunum og grunnur lagður að kröfugerðinni sem nú er tilbúin. Megin áherslur hennar eru:

- Að hækka laun, verja og auka kaupmátt launa
- Skoðaðar verði leiðir með blandaðri aðferð
- Að lágmarkslaun verði á samningstímanum kr. 425.000, miðað við þriggja ára samning, og að grunnlaun dugi til framfærslu
- Stytting vinnuvikunnar í 35 stundir



Vinnufundur stjórnar og trúnaðarmanna Kjarar í nóvember síðastliðnum var liður í undirbúningi sameiginlegrar kröfugerðar bæjarstarfsmannafélaga.

- Að laun verði sambærileg við það sem gerist á almennum vinnumarkaði sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda 2016
- Endurbætur verði gerðar á starfsmatskerfinu
- Ákvæði launaþróunartryggingar verði tryggð til framtíðar
- Að unnið verði að útrýmingu kynbundins launamunar
- Ákvæði er varða vaktavinnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum
- Símenntunar- og fræðslumál starfsmanna sveitarfélaga



Ljóst er að þróun kjaraviðræðna á almennum vinnumarkaði mun að einhverju leyti ráða því hvenær fullur kraftur kemst í kjarasamningagerð opinberra starfsmanna en áhersla er lögð á að ljúka þeim sem fyrst enda samningar lausir frá 31. mars. Bæjarstarfsmannafélagin munu hafa samflot í viðræðunum hvað varðar launaliðina og kjaratengd mál samhliða viðræðum BSRB um stóru réttindamálin, s.s. styttingu vinnuviku, lífeyrismál, launaskriðstryggingu og fleira.

Tillögur til aðalfundar

Á fundi sínum þann 18. janúar síðastliðinn samþykkti stjórn Kjarar stéttarfélags eftirfarandi tillögur um félagsgjöld sem lagðar verða fyrir aðalfund félagsins þann 27. mars næstkomandi til afgreiðslu.

Tillaga um félagsgjöld

Stjórn Kjarar stéttarfélags leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er þ.e.a.s. 1% af öllum launum.

Tillaga um gjald í vinnudeilusjóð

Stjórn Kjarar stéttarfélags leggur til að gjald í vinnudeilusjóð verði 4% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.

Tillaga um gjald í áfallasjóð

Stjórn Kjarar stéttarfélags leggur til að gjald í áfallasjóð verði 2% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.

Tillaga um framlag úr orlofssjóði til félagssjóðs

Stjórn Kjarar stéttarfélags leggur til að orlofssjóður greiði 7% af orlofssjóðsgjöldum til félagssjóðs til að mæta kostnaði af rekstri orlofssjóðs.

Tillaga um félagsgjald starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Stjórn Kjarar stéttarfélags leggur til að þeir embættismenn sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og eru án kjarasamnings fái aðild að félaginu. Félagsgjald verði 2,11% sem skiptist í alla sjóði félagsins eftir ákvæðum þeirra þar um.

Sem fyrr var fjölbreytt framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar árið 2018 og snerti það margvísleg málefni. Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum ýmissa fræðsluaðila fyrir aðildarfélaga sína og var þetta samstarf aukið enn frekar árið 2018 með því fjölga fræðsluaðilum á höfuðborgarsvæðinu en einnig með samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og SÍMEY á Akureyri. Árið 2018 voru skráningar í nám á vegum Starfsmenntar 3.554 á móti 3.237 árið 2017 og námstilboðin töldu 299 þetta ár á móti 240 árið 2017.

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu við Háskólann á Bifröst var í fyrsta sinn í boði haustið 2018 en þó einungis fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna SFR, sem höfðu sótt sérstaklega um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Í því felst stuðningur við þátttakendur til að ljúka tveggja ára diplómanámi á grunnstigi háskóla en námið er tekið með vinnu. Í árslok 2018 voru 27 einstaklingar í námi á vegum Starfsmenntar. Þá setti Starfsmennt á laggirnar raunfærnimatsverkefni í samvinnu við Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og með styrk úr Fræðslusjóði. Markmið þess var að bjóða upp á raunfærnimat á móti kröfum námskrár háskólabrúar Keilis til styttingar náms í háskólabrú. Mat fór fram bæði að vori og hausti og tóku alls 11 einstaklingar þátt. Í heildina voru tekin 26 matssamtöl og stóðust þátttakendur alls 150 feiningar (framhaldsskólaeiningar). Nær allir þátttakendur hófu nám við Keili í kjölfar raunfærnimats.

Á vegum Starfsmenntar var á árinu 2018 útt úr vör námi samkvæmt námskrá Fangavarðaskólans fyrir starfsmenn Fangelsismálastofnunar. Einnig hélt Starfsmennt á árinu áfram samstarfi í Erasmusplus verkefninu You Dig IT þar sem skoðuð eru rafræn verkfæri (smáforrit) sem nýst geta í námi



og kennslu. Starfsmennt er einnig aðili að öðru Erasmusplus verkefni sem lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við 4. iðnbyltinguna.

Á þingi BSRB í október var Starfsmennt með kynningarbás og einnig hélt framkvæmdastjóri Starfsmenntar erindi á fundi málefnaþóps um vinnumarkað framtíðarinnar um áskoranir 4. iðnbyltingarinnar og ábyrgð einstaklings á eigin símenntun. Að mörgu er að hyggja í tengslum við breytingar á vinnumarkaði og tækniframfarir og mun mikilvægi sí- og endurmenntunar vaxa enn frekar svo starfsmenn og stofnanir nái að viðhalda starfshæfni sinni og vera í takt við tímann.

Langar þig á námskeið?



Ökunám, bæði til almennra réttinda og aukinna ökuréttinda, eru meðal þeirra námskeiða sem fræðslusjóður Kjarar styrkir.

Félagsmenn geta sótt um styrk úr fræðslusjóði Kjarar ef þeir hafa hug á að sækja námskeið. Þeir sem eru með 1-5 ára félagsaðild að baki geta fengið að hámarki 140.000 kr. í styrk á tveggja ára tímabili en þeir sem eru með 5 ára félagsaðild eða meira geta fengið að hámarki 170.000 kr. á tveggja ára tímabili. Að öðru leyti gilda eftirfarandi reglur:

- Nám/námskeið til starfsréttinda án beinnar tengingar við starf hámark kr. 100.000
- Lífsleiknínámskeið án beinnar tengingar við starf, 75% af gjaldi, hámark árlega kr. 40.000
- Almenn ökuréttindi styrkt að hámarki kr. 60.000
- Aukin ökuréttindi kr. 100.000
- Til kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar- og ritstuðning allt að 90% styrkur. Heildarstyrkur miðast við hámarksupphæð samkvæmt almennum reglum sjóðsins.

A portrait of Gunnar Björn Rögnvaldsson, a middle-aged man with short brown hair and glasses, wearing a grey zip-up jacket. He is smiling slightly and looking towards the camera. The background is a blurred outdoor scene with bare trees and a clear blue sky.

Stéttarfélagsaðild veitir félagsmönnum dýrmæt réttindi

segir Gunnar Björn Rögnvaldsson,
verkefnissjóri hjá Skagafjarðarveitum

„Almenningur setur stærstan hluta sinna fjármuna í húsnæðisliðinn og fjármagnskostnaður húsnæðislánanna tekur alltof margar krónur til sín í dag. Þess vegna finnst mér að áherslan þurfi að vera á þennan þátt á næstunni,” segir Gunnar Björn Rögnvaldsson, félgsmaður Kjalar og starfsmaður Skagafjarðarveitna.

„Stéttarfélagsvitund fólks mætti vera miklu meiri en raun ber vitni. Með einhverjum hætti þarf að takast að fá fólk til að sýna stéttarfélagunum meiri áhuga því fólk sækir lítið upplýsingafundi þó þeir séu í boði. Það öryggisnet sem fólk hefur með stéttarfélagsaðildinni, t.d. í gegnum sjúkrasjóðinn, getur skipt verulegu máli ef á þarf að halda. Því hef ég sjálfur kynnst á síðustu mánuðum sem ég hef verið frá vinnu vegna slyss sem ég lenti í hér á skíðasvæðinu í Skagafirði í haust. Ég braut 13 rifbein, braut öxl og lunga féll saman og þegar svona lagað gerist þá kynnist maður því á eigin skinni hversu dýrmætur veikindarétturinn í gegnum stéttarfélagsaðildina er. Þetta eru réttindi sem maður vonast til að enginn þurfi að nýta en þegar á þarf að halda þá skipta þau miklu máli,” segir Gunnar Björn Rögnvaldsson, verkefnastjóri hjá Skagafjarðarveitum.

Fjölbreyttir styrkir í boði

Gunnar Björn hefur verið félagsmaður Kjalar stéttarfélags frá sameiningu þess við Stéttarfélag Skagafjarðar árið 2014. Hann segir að fyrir utan veikindaréttindin fylgi stéttarfélagsaðildinni ýmis dýrmæt réttindi sem félagsmenn geti nýtt sér. Þar megi nefna styrki til heilsuefningar og forvarna, s.s. vegna gleraugnakaupa, líkamsræktar, sjúkraþjálfunar, menntastyrki og fjölmargt annað. „Því miður held ég að margir láti þessa styrki framhjá sér fara þó þeir eigi rétt á þeim,” segir Gunnar Björn og nefnir annan mikilvægan þátt í þjónustu Kjalar sem félagsmenn eru þó duglegir að nýta sér en það eru orlofshúsin. Í gegnum tíðina hefur hann mikið unnið að þeim málum fyrir stéttarfélagið en eitt af orlofshúsum félagsins er í Varmahlíð og var áður í eigu Stéttarfélags Skagafjarðar.

„Við félagsmenn Kjalar erum vel sett hvað orlofshúsin varðar og höfum aðgang að orlofshúsnaði víða um land. Það er

vel hugsað um þessi hús og íbúðir og t.d. er einn af mikilsverðustu þáttunum að rúmin séu góð. Það skiptir máli í fríinu að geta hvílst í góðu rúmi. Svo er líka mikilvægt að húsunum sé vel við haldið og það leggur líka grunninn að góðri umgengni um húsin. Sjálfur nýti ég orlofshúsin mikið og fer oft í húsið okkar hér í Varmahlíð, ekki síst á veturna,” segir Gunnar Björn.

Minni húsnæðiskostnaður mesta kjarabótin

Framundan er kjarasamningagerð og segist Gunnar Björn þeirrar skoðunar að lægri vextir, afnám verðtryggingar og kaupmáttur launa skipti ekki síður máli en launahækkaniðurnar sjálfar. „Mesta kjarabótin er í gegnum húsnæðiskostnaðarliðina. Ef okkur tækist að ná verðbótaþættinum út úr húsnæðislánunum okkar þá næðist mesta kjarabótin. Almenn- ingur setur stærstan hluta sinna fjármuna í húsnæðisliðinn og fjármagnskostnaður húsnæðislánanna tekur alltof margar krónur til sín í dag. Þess vegna finnst mér að áherslan þurfi að vera á þennan þátt á næstunni. Keppikeflið er fólk geti lifað betur af þeim launum sem það fær. Það er aðalatriðið,” segir Gunnar Björn.

Eitt af áhersluefnum í kröfugerð komandi kjaraviðræðna er stytting vinnuvikunnar sem Gunnar Björn segir góðra gjalda vert. „Sjálfur er ég samt þeirrar skoðunar að stytting vinnuvikunnar í 36 tíma sé ekki aðalatriðið á meðan við erum ekki komin með þorra félagsmanna niður í 8 tíma vinnu á dag. Flestir vinna meira en 8 tíma og við þurfum að ná vinnutím- anum hjá öllum niður í 40 tíma áður en við förum að berjast fyrir enn frekari styttingu vinnuvikunnar. Ég óttast að vegna þeirrar miklu yfirvinnu sem tíðkast í dag þá verði erfitt að fá vinnuveitendur til að stytta vinnuvikuna enn meira,” segir Gunnar Björn að lokum.

Hálf öld frá því samið var á almennum markaði um skylduaðild að lífeyrissjóðum

Þeim tímamótum verður fagnaði í maímánuði að hálf öld er liðin frá því forystumenn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands undirrituðu kjarasamninga þar sem kveðið var á um skylduaðild félagsmanna mikils meirihluta aðildarfélaga ASÍ að lífeyrissjóðum. Á landinu voru þá starfandi yfir 50 lífeyrissjóðir og þeim fjölgaði verulega eftir að skylduaðildin var samþykkt. Svo vill reyndar til að árið 1919 var fyrsti lífeyrissjóðurinn á Íslandi stofnaður fyrir embættismenn og opinbera starfsmenn og ekkjur þeirra. Það eru því tvöföld tímamót í lífeyrissjóðakerfinu í ár, aldarafmæli og hálfra aldar afmæli!

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða segir að með samkomulaginu um skylduaðild hafi þáverandi forystusveit atvinnurekenda og launafólks sýnt djörfung, dug og framsýni á tímum þegar kreppti gríðarlega að í efnahagslífinu, kjör voru skert og fjöldi manna streymdi utan í leit að atvinnu í öðrum löndum og álfum. Íslensk þjóð

hafi svo sýnt mikla forsjálni með því að byggja upp lífeyrissjóðakerfi sem miðast við að hver kynslóð leggi til hliðar á starfsævinni til efri áranna. Þannig er fetuð sú braut sem Efnahags- og framfarastofnunin – OECD og Alþjóðabankinn mælir eindregið með og telst til fyrirmyndar. Samfélögin og efnahagskerfin ráða ekki við það til lengdar að fjármagna eftirlaun með sköttum að mestu eða öllu leyti í svokölluðum gegnumstreymiskerfum.

„Lífeyrissjóðirnir urðu flestir hátt í 100 talsins á öldinni sem leið en þeim hefur fækkað mjög með sameiningum. Nú er 21 lífeyrissjóður skráður á Íslandi en í raun eru þeir færri því sumir sjóðir eru lokaðir og taka ekki lengur við iðgjöldum. Það næst að hagræða í rekstri lífeyrissjóðakerfisins með því að fækka lífeyrissjóðum og stækka þá. Hver einstakur sjóður fær jafnan meira afl en ella til að þjóna sjóðfélögum og sinna sérhæfðum verkefnum sem sjóðunum eru falin,“ segir Þórey.


Mannauðssjóður Kjalar

Úthlutaðir styrkir 19,2 milljónir í fyrra

Mannauðssjóður Kjalar úthlutaði styrkjum fyrir samtals 19,2 milljónir króna á árinu 2018. Iðgjöld sjóðsins námu rúmlega 14,5 milljónum króna og að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar, vaxtagjalda og vaxtatekna nam tap sjóðsins á árinu rúmlega 5,4 milljónum króna.

Sem fyrr styrkti mannauðssjóður fjölbreytt verkefni. Meira en helmingur styrkuppþæðarinnar, eða 10,4 milljónir króna var vegna náms- og kynnisferða styrkþega. Vegna starfstengdra námskeiða greiddi sjóðurinn 7 milljónir króna og 1,3 milljónir vegna námskeiða stofnana. Styrkir vegna ráðgjafa að láni námu tæplega 280 þúsund krónum í fyrra.

Sem dæmi um fjölbreytnina í verkefnum sem mannauðssjóður lagði lið á árinu má nefna að styrktar voru námsferðir starfsmanna leikskóla- og grunnskóla, bæði ferðir innanlands og erlendis. Styrkir voru veittir til gerðar fræðsluáætlaða,



starfsmenn skíðasvæðis fengu styrk til að sækja námskeið til að meta hættu á snjóflóðum, starfsmenn í öldrunarþjónustu sóttu námskeið um Eden hugmyndafræðina, styrkur var veittur til að sækja námskeið um útinám, læsi og sögur og þannig mætti lengi telja.



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Jöfnun lífeyrisréttinda stór áfangi

Stór áfangi í uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins náðist árið 2017 þegar samið var um að lífeyrisréttindi launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði yrðu samræmd. Nú er svo komið að nýir sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ganga inn í aldurstengt lífeyriskerfi sem er í samræmi við almenna löggjöf um lífeyrissjóði, með 67 ár sem viðmiðunaraldur eftirlauna. Gjarnan er talað um að samræming lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðinum taki heilan mannsaldur. Nú er þetta sem sagt að gerast og breytingin er bráðnauðsynleg af því fólk flytur sig mun tíðar milli starfa á opinberum og almennum markaði en áður gerðist.

Tekjutenging skapar óánægju

Ein af stærstu áskorunum lífeyriskerfisins telur Þórey vera að móta framtíðarsamspil lífeyrissjóðakerfisins annars vegar og almannatryggingakerfisins hins vegar.

„Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna tekna úr lífeyrissjóðum er meiri og harkalegri á Íslandi en þekkist annars staðar. Greiðslur almannatrygginga falla hreinlega niður ef tekjur úr lífeyrissjóði fara yfir ákveðin mörk. Landssamtök lífeyrissjóða telja tekjuskerðinguna langt úr hófi fram og óviðunandi í núverandi mynd. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld þurfa því að móta sér sýn á lífeyriskerfið í heild sinni og hvernig það eigi helst að þróast til framtíðar. Hvert á hlutverk lífeyrissjóða að vera? Hvaða hlutverki eiga almannatryggingar ríkisins að gegna? Rætur lífeyrissjóðakerfisins eru í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Sú staða veitir kerfinu bæði styrk og sjálfstæði gagnvart hinu opinbera.“

Á Íslandi eru yfir 60% lífeyris greidd úr lífeyrissjóðakerfinu en innan við 40% koma frá Tryggingastofnun. Svo hátt hlutfall greiðslna úr lífeyrissjóðum þekkist hvergi annars staðar.

Sjóðirnir lækkuðu vexti húsnæðislána

Eignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins nema yfir 4.000 milljörðum króna og fjárfestingarkostum sjóðanna fjölgaði þegar fjármagnshöftum var aflétt. Þórey segir að jafnframt dragi það úr áhættu að ávaxta lífeyrissjóðina að hluta í öðrum hagkerfum en því íslenska.

„Lífeyrissjóðir lána sjóðfélögum núorðið margfalt meira en áður þekktist og í raun fjármagna sjóðirnir nú íbúðakaup landsmanna að stórum hluta með sjóðfélagalánum á hagstæðum kjörum. Ég fullyrði að lífeyrissjóðir hafa gert fjölda fólks mögulegt að eignast húsnæði og sjóðirnir hafa lækkað verulega vexti á lánum á fasteignamarkaði.

Lífeyrissjóðakerfið hefur þannig margháttaðu hlutverki að gegna, meðal annars að lána til íbúðarkaupa. Margir vita hins vegar ekki af þessu og eitt margra brýnna verkefna er einmitt að miðla upplýsingum til almennings um hlutverk lífeyrissjóðakerfisins og stuðla að þeirri jákvæðu ímynd sem lífeyrissjóðir sannarlega verðskulda.

Mikið vantar upp á þekkingu almennings á lífeyrissjóðakerfinu og því miður er almennt viðhorf í garð þess ekki nógu gott. Á þessu sviði er því verkefni fyrir okkur að vinna,“ segir Þórey.

Vinnumarkaði framtíðarinnar fylgja áskoranir fyrir stéttarfélög

Í júní síðastliðnum fóru fóru sex fulltrúar Kjalar stéttarfélags í hópi 26 bæjarstarfsmanna innan BSRB á ráðstefnu NTR í Stavanger í Noregi en það eru samtök opinberra starfsmanna á Norðurlöndunum. Ráðstefnan fjallaði um hvernig opinberir starfsmenn þurfi að aðlagast breyttum vinnumarkaði í framtíðinni og komu mörg áhugaverð atriði um þessi efni fram hjá frummælendum. Fulltrúar Kjalar á ráðstefnunni voru Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Egilsson, Ingunn Jóhannesdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Hólmfríður Jónsdóttir og Ómar Örn Jónsson.

Í tengslum við ráðstefnuna var farið í vinnustaðaheimsóknir í Stavanger og heimsóttu ráðstefnugestir t.d. bókasafn borgarinnar, ráðhúsið, heilsugæslustöð, skipulagsdeild borgarinnar og nýbyggingu sjúkrahússins í jaðri Stavanger sem verður fullbyggt um 100 þúsund fermetrar að stærð. Þar verður ýmis konar nýbreytni í starfseminni, stuðst var við vinnuhópa starfsfólks við hönnun hússins, lögð áhersla á að kanna væntingar þeirra sem koma til með að njóta þjónustu sjúkrahússins og sérstök áhersla lögð á að skipuleggja vinnu-umhverfi starfsfólks þannig að sú mikla tækni sem í húsinu verður nýttist sem best og skili hámarksnýtingu húsnæðisins alls. Með öðrum orðum verði engir ónýttir fermetrar, þrátt fyrir þessa miklu stærð.

Á heimleið var stoppað í Osló og Delta (delta.no) samstarfsfélag Kjalar í Noregi heimsótt. Þar fengu íslensku gestirnir fræðslu um norska almannatryggingakerfið og kjarasamningagerð en norska vinnulöggjöfin er að sumra mati til fyrirmyndar. Kjarasamningar eru endurskoðaðir í Noregi á tveggja ára fresti og tölfraði skoðuð út frá þróun launa síðastliðinna tveggja ára. Farið var inn á lífeyrismál í umræðum í heimsókninni og reyndist margt líkt með okkar

gamla kerfi m.a. er þar 85 ára regla en við vorum með 95 ára reglu, þ.e. samantlagður starfsaldur og lífaldur til að hefja töku ellilífeyris.

Tæknin breytir starfsháttum hratt

Af efni ráðstefnunnar sjálfrar er vert að nefna þrjá fyrirlesara. Í fyrsta lagi stærðfræðidoktorinn og rannsakandann Silvia Seres. Yfirskrift hennar fyrirlestar var „Hvordan skal DERE forberede dere og forstå det samfunnet vi nå kommer til å møte- og hvordan bør arbeidslivet og fagbevegelsen «rigge» seg?“ og fjallaði um einstaklinginn og breytt samfélag í tengslum við það hvernig stéttarfélög þurfi að takast á við framtíðaráskoranir á vinnumarkaði. Hún ræddi um mikilvægi símenntunar í þessu sambandi og lagði áherslu á að í dag þurfi fólk stöðugt að tileinka sér nýja þekkingu. Tæknin breyti starfsháttum fólks og mikið bil sé á milli hópa á vinnumarkaði, þ.e. þeirra sem vinna „á gólfinu“ og t.d. þeirra sem vinna við tækniþróun, viðskipti eða jafnvel stjórnsmál.

Endur- og símenntun skiptir mestu

Í fyrirlestri Ann-Therese Enarsson sem bar yfirskriftina „Fokus på arbeidslivet- digitaliseringens muligheter?“ var fjallað um upplýsingabyltinguna og áhrif nútíma tækni á störf og starfsumhverfi. Í dag séu gögn nýja gullið og þegar við bætist hæfni fólks til að nýta þau geti það aðlagast nýjum tímum. Í fyrirlestrinum var rifjað upp að á sínum tíma hefði verið spáð að á árabílinu 2013–2018 myndi stór hluti starfa færast til vélmenna en það hafi reynst mikið ofmat á hraða þróunarinnar. Hins vegar hafi störf tekið miklum breytingum á þessum tíma og sjálfvirkni aukist. Ann-Therese kom inn á mikilvægi aukinnar menntunar opinberra starfsmanna til að mæta breyttum aðstæðum. Ekki síst sé mikilvægt að horfa til endur- og símenntunar með styttri námskeiðum inni á



Sex fulltrúar Kjalar tóku þátt í ráðstefnunni í Noregi en í ferðinni var einnig farið í heimsókn til Delta sem er samstarfsfélag Kjalar í Noregi.



Silvia Seres, fyrirlesari á ráðstefnunni ræddi um áhrif nútíma tækni á störf í framtíðinni.

vinnustöðunum sjálfum. Í dag líti fólk svo á að það sé sjálf-sagt að læra á öllum aldursskeiðum og því þurfi að leggja áherslu á þróun menntunarúrræða.

Farsímakynslóðin bankar á dyrnar

Yfirskrift fyrirlestrar Søren Schultz Hansen bar titilinn „De første digitale innfødte- digitaliseringens paradokser?“ Og var í honum vakin athygli á að nú sé að koma inn á vinnu-markaðinn kynslóð unga fólksins sem alin sé upp við net-sambandið. Farsímakynslóðin hefur hún gjarnan verið kölluð en þetta er fólk sem horfir með öðrum hætti á tæknina og t.d. samfélagsmiðlana en þeir eldri gera. Stéttarfélag þurfi að gera sér grein fyrir viðhorfum þessarar kynslóðar sem nú verði yngsti hópur félagsmanna. Þeirra verkfæri sé stafræn skjátækni og samskiptin byggist á því. Þetta sé fólk sem hafi verið táningar þegar samfélagsmiðlarnir ruðu sér rúms, þau hafi alist upp við að smella á tákn með tölvumúsum eða draga til á efni á tölvuskjánum. Þau skilji því nánd og tengsl á annan hátt en eldra fólkið geri. Søren benti á að snjallsími sé í höndum þessarar kynslóðar svolítið annað verkfæri en þeirra eldri. Yngra fólkið noti hann til að skrifa skilaboð á en síður til að hringja og tala. Þannig sé nándin í samskiptum með því að snerta símann í stað þess að tala beint og síminn sé á þann hátt orðinn hluti af þessu fólki. Með öðrum orðum sé hann miklu meira en bara hjálpartæki í samskiptum.



Áttu von á barni? | sjóðsréttindi í fæðingarorlofi skipta máli

Félagsmaður sem hefur verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og hefur gildan ráðningarsamning við upphaf fæðingarorlofs á rétt á styrk. Við útreikning upphæðar er miðað við greidd iðgjöld í sjóðinn síðustu 12 mánuði og ef iðgjaldaupphæð nær 33.300 kr. er styrkurinn 240.000 kr. Nái iðgjaldaupphæðin ekki þessu marki lækkar styrkurinn hlutfallslega miðað við inngreidd iðgjöld.

Munið að setja X-ið og tryggja sjóðsréttindin

Þegar sótt er um úr Fæðingarorlofssjóði þarf að fylla út umsókn hjá Vinnumálastofnun eða á heimasíðu Fæðingarorlofs-sjóðs, www.faedingarorlof.is Á umsóknareyðublaðinu eru reitir þar sem umsækjandi er beðinn um að setja x þar sem það á við, m.a. hvort viðkomandi óski eftir því að stéttarfélagsgjöld verði dregin frá greiðslum úr fæðingarorlofssjóði. Þeir sem merkja x við þann reit teljast félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi. Réttarstaða hinna sem ekki kjósa að krossa í þennan reit er hins vegar önnur. Þeir teljast ekki félagsmenn á meðan á fæðingarorlofi stendur og missa því rétt úr

styrktar- og sjúkrasjóði, orlofssjóði og starfsmenntunarsjóði. Með öðrum orðum, til að halda sjóðsréttindum í fæðingarorlofi er nauðsynlegt að greiða stéttarfélagsgjald. Engin lagaheimild er fyrir Vinnumálastofnun að draga stéttarfélagsgjöld óumbeðið af greiðslum í fæðingarorlofi. Því er óhjákvæmi-legt að hafa spurningu á eyðublaðinu vegna fæðingarorlofs-greiðslu um hvort umsækjandi vilji vera áfram í sínu félagi og þar með greiða til þess félagsgjöld. Nauðsynlegt er að minna félagsmenn á að standa vörð um réttindi sín og félagsaðild og krossa í viðeigandi reit um leið og sótt er um fæðingarorlof. Sjóðsréttindin í stéttarfélaginu skipta máli.

Upplýsingar á síðu Fæðingarorlofssjóðs

Á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs er jafnframt að finna lög um fæðingarorlof, reglugerðir og aðrar þær upplýsingar sem skipta máli, s.s. skilyrði fyrir greiðslum, viðmiðunartímabil, reglur um foreldra sem ekki eru á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabilinu, reglur ef um andlát foreldris er að ræða, leiðréttingar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og fleira.

Styrkþegum fjölgaði verulega milli ára

Alls fengu 206 einstaklingar styrki úr fræðslusjóði Kjalar á árinu 2018. Samanlagt námu styrkir 10.455.034 kr. á árinu. Rekstrartekjur sjóðsins námu tæplega 18,2 milljónum króna og rekstrargjöld 17,3 milljónum. Að teknu tilliti til vaxtatekna var afkoma sjóðsins jákvæð á árinu sem nam rúmlega 2,1 milljón króna.

Styrkþegum fjölgaði verulega frá fyrra ári þegar þeir voru 132 talsins en heildarfjárhæð styrkja hækkaði um 25% frá árinu 2017 þegar hún nam tæplega 8 milljónum króna.

Af heildarstyrkfjárhæð fræðslusjóðs á árinu 2018 var 35% eða 3.637.063 varið til styrkja vegna háskólanáms. Styrkþegar voru 46 talsins og meðalfjárhæð styrkja tæplega 81 þúsund krónur. Hæsti námsstyrkur nam 193 þúsund krónum.

Styrkir vegna náms, námskeiða og fleira námu í heild 1.700.335 kr. eða 16% heildarúthlutunar sjóðsins. Styrkþegar


voru 49 talsins og meðalfjárhæð því 34.700 kr. Hæstu styrkir í þessum flokki voru 100.000 kr.

Alls voru veittir 18 styrkir vegna fræðsluferða erlendis og var heildarfjárhæð 1.541.066 kr. Meðalfjárhæð styrkja í þessum flokki var 85.600 kr. og hæstu styrkir 100.000 kr.

Styrkir sjóðsins vegna starfsréttindanáms námu í heild 1.332.840 kr. og var meðalfjárhæð styrkja 80.800. Hæsti styrkur í þessum flokki var 135.500 kr.

Styrkir vegna lífsleikinámskeiða námu í heild 794.656 kr. en aðrir styrkflokkar voru um og innan við 1% heildarfjárhæðar styrkja sjóðsins á árinu.

Konur voru yfirgnæfandi meirihluti styrkþega fræðslusjóðs á árinu, eða 170 og karlar því 36. Meðalaldur styrkþega var 44 ár.



Góð afkoma sjóða Kjalar

Fyrir komandi aðalfund verða lagðir til afgreiðslu ársreikningar sjóða félagsins, líkt og jafnan er gert. Félagssjóður Kjalar skilaði 9 milljóna króna hagnaði á árinu 2018 áður en tekið hefur verið tilliti til afskrifta en til samanburðar var hagnaður félagsjóðs 4,6 milljónir króna árið 2017. Tekjur sjóðsins voru í heild rúmlega 55,8 milljónir króna árið 2018 en námu röskegla 50,8 milljónum króna árið 2017. Rekstrartekjur jukust því um tæplega 10% milli ára.

Orlofssjóður Kjalar skilaði einnig tæplega 7,9 milljóna króna hagnaði árið 2018. Rekstrartekjur sjóðsins námu rúmlega 62,6 milljónum króna á árinu og rekstrargjöld voru rúmlega 51,6 milljónir króna. Að teknu tillit til vaxtatekna og vaxtagjalda var hagnaður ársins 7.889.177 kr. fyrir afskriftir. Til samanburðar var hagnaður orlofssjóðs tæplega 3,5 milljónir árið 2017 og rúmlega 8,3 milljónir árið 2016.



Orlofssjóður stendur að baki rekstri orlofshúsa Kjalar.

Starfið mitt



Sigríður Ósk Salmannsdóttir aðstoðar nemanda á vinnustað sínum í Grunnskóla Fjallabyggðar.

Krefjandi starf en skemmtilegt

segir Sigríður Ósk Salmannsdóttir, stuðningsfulltrúi í Fjallabyggð

„Starf stuðningsfulltrúa er fjölbreytt, það er krefjandi en að sama skapi skemmtilegt,“ segir Sigríður Ósk Salmannsdóttir, stuðningsfulltrúi í Grunnskóla Fjallabyggðar. Hún vinnur með nemendum á unglingastigi grunnskólans og segir breytilegt eftir einstaklingum í hverju stuðningurinn felist. Í sumum tilfellum sé um mjög mikið fatlaða nemendur að ræða sem þurfi þar af leiðandi á viðtækari aðstoð að halda. Um tvö hundruð nemendur eru í Grunnskóla Fjallabyggðar og er kennsla 1.-5. bekkjar á Siglufirði en kennsla í 6.-10 bekk í Ólafsfirði. Ásamt Sigríði Ósk starfa þrír stuðningsfulltrúar við hennar starfsstöð.

Stuðningur við nám stærsti þátturinn

„Til starfssviðs stuðningsfulltrúa heyrir fyrst og fremst að starfa með nemendum sem eru með fötlun, röskun eða einhverjar sérþarfir sem þá hafa verið skilgreindar af sérfræðingi. Þetta getur því spannað allt frá því að nemandinn sé með námsörðugleika og yfir í mikla fötlun sem kallar þá á aðstoð starfsmanns í öllu skólastarfinu. Sem dæmi get ég nefnt þætti eins og námsaðstoð, félagslegan stuðning og þjálfun í daglegu lífi. Stærsti þátturinn er hins vegar námsstuðningurinn, annað hvort inni í kennslustundum eða í námsveri en sjálf vinn ég mest í námsveri. Stundum er ég með einkatíma í námsveri en stundum hóp þannig að þetta er misjafnt frá einum degi til annars,“ segir Sigríður Ósk sem

starfað hefur sem stuðningsfulltrúi í fimm ár en hún lauk svokölluðu brúarnámi stuðningsfulltrúa hjá Borgarholtsskóla árið 2014 þegar hún var í fæðingarorlofi en hafði þá áður starfað í eitt ár sem stuðningsfulltrúi.

Engir tveir dagar eins

Sigríður Ósk segir mikil samskipti fylgja þessu starfi, bæði mikla nánd og samstarf við viðkomandi nemendur og samskipti við foreldra nemenda sem þurfi á miklum stuðningi að halda fötlun sinnar vegna.

„Sem stuðningsfulltrúi tek ég þátt í teymisfundum með stjórnendum sérseildar, kennurum og foreldrum. Jafnframt eru mikil bein samskipti við foreldra og þannig er ég upplýst um stöðu og hagi nemenda sem ég vinn með. Starfinu fylgja því mikil persónuleg samskipti og það krefst oft mikillar þolinmæði, samskiptahæfni, skilnings og samkenndar með einstaklingum. Dagarnir geta verið mjög ólíkir hjá þeim, dagsform nemenda er mismunandi og þannig verð ég sem stuðningsfulltrúi að geta tekist á við fjölbreytilegar starfsaðstæður. Ég þarf alltaf að vera tilbúin að laga mitt starf að dagsformi nemandans og þannig eru engir tveir dagar eins í þessu starfi. En þetta er gefandi starf og skemmtilegt,“ segir Sigríður Ósk.



KJÖLUR

*Stéttarfélag starfsmanna
í almannaþjónustu*

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu
verður haldinn þann 27. mars 2019 kl. 16:30
í sal á Skipagötu 14, 4 hæð, Akureyri.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins

Kjaramál

Önnur mál

Veitingar og dregið í happdrætti

Akureyri 6. mars 2019

Stjórn Kjalar stéttarfélags
starfsmanna í almannaðjónustu

Fundurinn er pappírslaus en öll fundargögn
eru aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.kjolur.is